

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 169/2004

frá 3. desember 2004

um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) VI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 102/2004 frá 9. júlí 2004 ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun nr. 195 frá 23. mars 2004 um samræmda beitingu i-liðar a-liðar 1. mgr. 22. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 að því er varðar heilsugæslu í tengslum við meðgöngu og barnsburð ⁽²⁾, með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 212, 12.6.2004, bls. 82, skal felld inn í samninginn.
- 3) Ákvörðun nr. 196 frá 23. mars 2004 um túlkun á 1. mgr. a í 22. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1408/71 að því er varðar einstaklinga sem fá skilunar- eða súrefnismeðferð ⁽³⁾, með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 212, 12.6.2004, bls. 83, skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Ákvæði VI. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Texti liða 3.47 (ákvörðun nr. 163) og 3.61 (ákvörðun nr. 183) falli brott.
2. Eftirfarandi liðir bætist við á eftir lið 3.70 (ákvörðun nr. 194):

„3.71 **32004 D 0481**: Ákvörðun nr. 195 frá 23. mars 2004 um samræmda beitingu i-liðar a-liðar 1. mgr. 22. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 að því er varðar heilsugæslu í tengslum við meðgöngu og barnsburð (Stjtið. ESB L 160, 30.4.2004, bls. 133), með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 212, 12.6.2004, bls. 82.

3.72 **32004 D 0482**: Ákvörðun nr. 196 frá 23. mars 2004 um túlkun á 1. mgr. a í 22. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1408/71 að því er varðar einstaklinga sem fá skilunar- eða súrefnismeðferð (Stjtið. ESB L 160, 30.4.2004, bls. 135), með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 212, 12.6.2004, bls. 83.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvarðana nr. 195 og 196, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 376, 23.12.2004, bls. 29 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 65, 23.12.2004, bls. 20.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 160, 30.4.2004, bls. 133.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 160, 30.4.2004, bls. 135.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 4. desember 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 3. desember 2004.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

Kjartan Jóhannsson

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

Ø. Hovdkinn M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.